



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík 5. mars 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samorka – Samtök orku- og veitufyrirtækja sem skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið lýsa miklum áhyggjum af því að frumvarp þetta verði að lögum. Helstu ástæður þess eru að frumvarpið er afar óljóst bæði að efni og orðalagi, það getur skapað réttaróvissu þegar það stangast á við önnur lög, frumvarpið er mjög loðið og alls ekki unnt að ráða hvað átt er við í mörgum tilvikum. Frumvarpið felur í sér sönnunarfærslu með afar sérstökum hætti. Engan veginn er unnt að ráða af efni frumvarpsins hvernig því skuli framfylgt. Á það er bent að ákvæði þess geti rekist á stjórnarskrárvorinn eignarrétt eins og staðfest var af umhverfisráðherra í Morgunblaðinu þann 12. febrúar sl. Svo virðist af greinargerð með frumvarpinu að það skuli vera æðra sett en önnur lög en þar sem segir að verði „...frumvarp það sem hér er lagt fram að lögum ber að framkvæma þau á þann hátt að útfæra meginreglurnar eins og við á hverju sinni í nýrri löggjöf sem áhrif hefur á umhverfi...“ en það getur vart staðist.

Í frumvarpinu og greinargerð með því er engin tilraun gerð til að meta hvaða áhrif það hefur eða hvernig löggjöf sem þessari skuli beitt í ákveðnum tilvikum. Þannig væri afar fróðlegt að sjá mat á því hvernig beita skuli ákvæðum frumvarpsins við lausn vanda vegna svifryksmengunar í Reykjavík með aðferðum frumvarpsins. Eins er mikilvægt að mat á áhrifum þess á atvinnulíf, almenning, sveitarfélög og önnur stjórnvöld fari fram og eins og áður er minnst á áhrif þess á eignarréttinn.

Á það er minnt að þegar eru í gildi umfangsmiklir lagabálkar á því sviði sem frumvarpið tekur til og ekki ljóst hverju þetta frumvarp á að bæta þar við. Sú hættu sem skapast er að það dragi úr gildi þeirra laga sem þegar hafa verið sett á þessu sviði t.d. lögum um umhverfismat áætlaða eða lög um mat á umhverfisáhrifum.

Í ræðu á umhverfisþingi í nóvember 2005 fjallaði varaformaður Samtaka atvinnulífsins m.a. um sjálfbæra þróun og sagði: „Hugtakið *sjálfbær þróun* var fyrst mótað á níunda áratug síðustu aldar í störfum Alþjóðanefndar um umhverfi og þróun en í skýrslu nefndarinnar stendur m.a. í lauslegri þýðingu: „*Sjálfbær þróun leitast við að mæta þörfum og væntingum samtímans án þess að förna möguleikum komandi kynslóða til þess sama. Hún merkir alls ekki lok hagvaxtar heldur að ekki verði ráðist að fátækt og vanþróun án þess að til komi nýtt skeið vaxtar þar sem þróunarríkin leika stórt hlutverk og bera mikið úr bótum.*“ Það er mjög algengt að í almennri umfjöllun sé aðeins minnst á fyrri setninguna en þeirri seinni sem fjallar um hagvöxtinn sé sleppt. En sjálfbær þróun er þannig alþjóðleg í sjálfri sér og engin ein þjóð eða eitt ríki getur uppfyllt skilyrði hennar án tengsla við umheiminn. Sjálfbær þróun er einnig þverfagleg og

krefst þess að horft sé á mál af viðum sjónarhóli og horft til ríkjandi ástands og fram á veginn. Það er ekki nóg að horfa bara með gleraugum umhverfisráðuneytisins, einstakra stofnana eða umhverfissamtaka heldur verður að líta til mála heildstætt og til margra sjónarmiða. Sjálfbær þróun felur þannig í sér viðleitni mannsins til að skapa sér og sínum betri afkomu og tekur mið af því að náttúran er í eðli sínu sýbreytileg og að mannlífið setur mark sitt á hana og ekkert getur orðið eins og áður var.”


Ekki verður betur séð en að frumvarp það sem hér er til umræðu gangi þvert á viðmiðanir um sjálfbæra þróun með því að gefa sjónarmiðum vegna umhverfis meira vægi en öðrum hlutum hennar. Frumvarpið felur þannig í sér innra ósamræmi sem mikilvægt er að úr verði leyst áður en það verður að lögum.

Þar sem engar skilgreiningar er að finna í frumvarpinu er óljóst hvað átt er við með magni umhverfis, gæðum umhverfis, hafa áhrif á umhverfi, alvarleg áhrif á umhverfi, kostnaðarhagkvæmur, vísindaleg fullvissa en enginn einhlítur mælikvarði til á þessi hugtök og þau hafa mismunandi gildi í huga hvers og eins.

Íslensk stjórnvöld hafa tekið undir meginreglur umhverfisréttar með samþykkt RÍO sáttmálans og annarra alþjóðlegra samninga eftir því sem við á. Fjöldmörg dæmi eru nefnd í greinargerð með frumvarpinu um það hvernig unnið hefur verið í þessum anda við lagasetningu undanfarinna ára og umsagnaraðilar hafa tekið undir þær þegar við á. Því verður ekki séð að þörf sé á að setja sérstök lög. Engin dæmi eru um að sett hafi verið sérstök löggjöf þessa efnis í nágrennalöndum okkar svo vitað sé, og engin dæmi eru um í íslenskrum lagasetningu að „meginreglur“ hafi verið settar í lög.

Það þarf heldur ekki lög til að umhverfisráðuneytið geti gefið út leiðbeiningar um meginreglur umhverfisréttar.

Virðingarfyllt



Pétur Reimarsson



Bryndís Skúladóttir



Eiríkur Bogason